Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Frítt í sundlaugar bæjarins fyrir starfsfólk Kópavogsbæjar

Reglur

Starfsfólk Kópavogsbæjar getur sótt sundkort í afgreiðslu sundlauga Kópavogsbæjar sem veitir aðgang að sundlaugum bæjarins. Kortin gilda fyrir starfsfólk sem ráðið er á föstum mánaðarlaunum til að minnsta kosti 3ja mánaða og þurfa að hafa starfað að minnsta kosti í einn mánuð. Kortin gilda einnig fyrir tímakaupsfólk sem starfað hefur að minnsta kosti í sex mánuði hjá Kópavogsbæ.

1. Starfsfólk sækir sundkort í afgreiðslu sundlauga.
2. Sundkort er gefið út á starfsmann og því þarf starfsfólk að sýna löggild skilríki með nafni, mynd og kennitölu.
3. Með því að sækja sundkort sitt er starfsfólk um leið að heimila að upplýsingar um sundferðir þess séu sendar til launadeildar Kópavogsbæjar og nýttar í tölfræðilega útreikninga, en aldrei þó persónugreinanleg.
4. Frítt í sund telst til hlunninda samkvæmt skattareglum og því verður notkunin talin fram til hlunninda í launakerfi bæjarins sem íþróttastyrkur og talin fram á launamiða. Athygli er vakin á því að íþróttastyrkir eru framtalsskyldir en undanþegnir skatti upp að ákveðinni fjárhæð sem endurskoðuð er um áramót. Hlunnindamat verður þó aldrei hærra en sem nemur fjárhæð fyrir árskort.
5. Einungis starfsfólk má nota sundkortin. Ekki verður hægt að áframselja starfsmannakort hyggist starfsmaður ekki nýta það.
6. Sundkort gildir þar til starfsmaður hættir störfum hjá Kópavogsbæ.
7. Verði kort starfsmanns misnotað verður því lokað. Misnotkun telst t.a.m. lán á korti til vina eða fjölskyldumeðlima. Starfsmaður missir rétt á sundkorti verði hann staðinn að misnotkun.
8. Ef starfsmaður telur sig eiga rétt á sundkorti en finnst ekki í gagnagrunni þarf viðkomandi að snúa sér til næsta yfirmanns.
9. Þeir sem eiga sundmiða eða árskort þegar þeir fá sundkort sem starfsfólk, fá þau ekki endurgreidd.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026